**153. löggjafarþing 2022–2023.**
**Þingskjal 1043 — 673. mál.**

# Fyrirspurn

**til félags- og vinnumarkaðsráðherra um tekjuskerðingar almannatrygginga.**

Frá Guðmundi Inga Kristinssyni.

1. Hversu miklar hafa skerðingar á tekjum öryrkja vegna fjármagnstekna verið á ári hverju síðustu fimm ár?
2. Hver eru skerðingarhlutföll fjármagnstekna vegna laga um félagslega aðstoð, nr. 99/2007, annars vegar og vegna laga um almannatryggingar, nr. 100/2007, hins vegar?
3. Hefur ráðherra athugað hvort draga megi úr skerðingum á fjármagnstekjum öryrkja til að auðvelda öryrkjum að safna fyrir útborgun á eigin húsnæði? Ef svo er, hvenær má búast við tillögum ráðherra í þessum málum og með hvaða hætti?